



Áfangalýsing ML

Titill:	Lokaverkefni
Námsgrein:	Lokaverkefni
Viðfangsefni:	Lokaverkefni
Skammstöfun:	LOKA3ML04
Þrep:	3
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	<p>Í áfanganum vinna nemendur lokaverkefni að eigin vali sem byggir á fræðilegri þekkingu á ákveðnu námssviði/áhugasviði nemandans. Hægt er að útfæra verkefnið á ýmsan hátt, til dæmis með ritgerð, rannsókn, tónlistarverki, stuttmynd, nýsköpun eða vefsíðu. Verkefni sem byggir á sköpun (stuttmynd, tónlist og svo framvegis) þarf að skila með skýrslu sem byggir á fræðilegri greinargerð með viðeigandi heimildanotkun um viðfangsefnið ásamt hugmyndinni á bakvið verkið. <u>Hugmyndina skal útfæra undir verkstjórn kennara.</u></p> <p>Lokaverkefnið er einstaklingverkefni þar sem áhersla er á ábyrgð, sjálfstæði og vönduð vinnubrögð. Hver nemandi fær úthlutað leiðbeinanda sér til stuðnings og skilgreinir verkefnið með honum. Ætlast er til að nemendur nýti fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu efnisins. Ávallt skal nota heimildir sér til stuðnings. Nemendur fá kennslu í heimildanotkun og fræðilegum vinnubrögðum sem tengjast því.</p> <p>Nemendur kynna verkefni sín á málstofu í lok annar.</p>
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• fræðilegum rannsóknaraðferðum, hugtökum og kenningum síns fræðisviðs• öflun og úrvinnslu heimilda• afmörkun viðfangsefnis• fræðilegri greinargerð og framsetningu niðurstaðna



Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vinna sjálfstætt• nota viðurkennd vinnubrögð við heimildanotkun• lesa og leggja mat á rannsóknir fræðifólks síns fræðisviðs• beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis• koma efni sínu á framfæri á skýran, ábyrgan, vel uppbyggðan og greinargóðan hátt
Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• skipuleggja verkefni sín og forgangsraða vinnutíma sínum• nota skapandi og fjölbreyttar aðferðir í þekkingarleit sinni• nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna• greina, meta og miðla eigin verkefni og annarra af þekkingu og víðsýni• vinna úr gagnrýni á uppbyggilegan hátt• breyta hugmynd í afurð
Námsmat	Útfært í kennsluáætlun.